

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hálshreppi.

1. gr.

Sorphirðugjald í Hálshreppi skal vera kr. 2.500 ár hvert samkvæmt 7. gr. samþykktar um sorphirðu í Hálshreppi frá 10. febrúar 1995.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 583/1993.

1. gr.

5. liður 62. gr. B samþykktarinnar hljóðar svo:

Félagsmálaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40/1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.

2. gr.

20. töluliður 62. gr. B samþykktarinnar hljóðar svo:

Skólanefnd grunnskóla og tónlistarskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Jafnframt fer nefndin með verkefni leikskólanefndar skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

15. febrúar 1995

Nr. 119

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands, nr. 207 16. maí 1990.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Yfirstjórn skal árlega efna til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem veita aðstoð við leit og björgun, svo og fulltrúum annarra aðila sem fara með öryggismál á sjó, þar sem m.a. skal fjallað um helstu björgunaraðgerðir og hvaða lærdóm megi af þeim draga með það að markmiði að auka öryggi á sjó, þ. á m. hvort ástæða sé til að breyta reglum um skipulagningu leitar og björgunar, sbr. 4. gr.

Yfirstjórn skal almennt fylgjast með þróun mála á sviði leitar og björgunar og gera, ef ástæða þykir til, tillögur um breytingar á reglum þessum.

2. gr.

2. másl. 13. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með hliðsjón af lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967, og að höfðu samráði við Landhelgisgæslu Íslands, Póst- og símamála-stofnun og Slysavarnafélag Íslands, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Endurprentað blað.